

**Doctor oeconomiae honoris causa.**

Dr. Jónas H. Haralz hlaut viðurkenninguna Dr. econ. honoris causa við Háskóla Íslands 1988.

Dr. Jónas Haralz stundaði nám í efnaverkfræði við Kungliga Tekniska Högskolan í Stokkhólmi 1938-40. Nám í hagfræði, tölfræði, stjórnmálafræði og heimspeki við Stokkhólmsháskóla 1940-45, magisterpróf í þessum greinum 1944.

Dr. Jónas Haralz starfaði sem hagfræðingur hjá Nýbyggingarráði í Reykjavík 1945-47 og hjá Fjárhagsráði 1947-50. Hagfræðingur hjá Alþjóðabankanum í Washington D.C. 1950-57 og á þeim tíma þátttakandi í sendinefndum bankans til Mexikó, Mið-Ameríkuríkja og Perú. Fulltrúi Alþjóðabankans í Honduras 1955-56. Formaður sendinefnda bankans til Mexíkó 1957, Venezuela 1965 og Ghana 1965. Settur ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu 1958-61. Ráðunautur ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum 1957-61og jafnframt í markaðsmálum Evrópu 1961-62. Ráðuneytisstjóri í efnahagsráðuneytinu 1961-62. Forstjóri Efnahagsstofnunarinnar 1962-69. Framkvæmdastjóri atvinnumálanefndar ríkisins 1969. Bankastjóri Landsbanka Íslands 1969-88. Aðalfulltrúi Norðurlanda í stjórn Alþjóðabankans í Washington D.C. 1988-91. Hefur frá 1991 stundað ráðgjafastörf í Washington D.C. á vegum norska utanríkisráðuneytisins, Norræna þróunarsjóðsins og bandarísku stofnanna Overseas Development Council og The Brookings Institution.

Ritstörf: Dýrtíðarvandamálið (ásamt Torfa Ásgeirssyni), Rvík 1946; Álit hagfræðinganefndar (ásamt öðrum), Rvík 1947; Þjóðhagsreikningar og þjóðhagsáætlanir, Afmælisrit til Þorsteins Þorsteinssonar, Rvík 1950;The Economic Development of Mexico, John Hopkins Press, Baltimore, 1953 (ásamt öðrum); einnig á spönsku: El desarrollo economico de Mexico, Fondo de Cultura Economica, Mexico 1953; Yfirlit um þróun íslenzks þjóðarbúskapar (ásamt Árna Vilhjálmssyni), Ísland í dag, Rvík 1961; Framvinda án verðbólgu, Vísindin efla alla dáð, Rvík 1962; Áhrif stóriðju á þjóðarbúskapinn, erindi á ráðstefnu Verkfræðingafélags Íslands 1962; Ísland og Efnahagsbandalag Evrópu frá efnahagslegu sjónarmiði séð, Fjármálatíðindi 1962; Um áætlanagerð, Úr þjóðarbúskapnum 1966; Staða sjávarútvegs í efnahagslífinu, Vinnsla sjávarafla 1967; Forspjall að bókinni Valdstjórn og vísindi eftir C. P. Snow, 1970; Staten í vårt ekonomiska liv, erindi á Norræna hagfræðingamótinu í Bergen 1972; Velferðarríki á villigötum, safn ritgerða frá árunum 1972-1980, Rvík, 1981; Ekonomisk tillväxt under inflation, erindi á Norræna hagfræðingamótinu í Helsingfors 1981, birt í íslenskri þýðingu í Greinasafni tileinkuðu Ólafi Björnssyni, próf. sjötugum, Rvík 1982; Að reisa sér hurðarás um öxl, Þjóð í kreppu, Ráðstefna Lífs og land, 1983; Erlendar lántökur,

Storð 1983; Ólafur Thors, Þeir settu svip á öldina. Íslenskir stjórnmálmenn, ritstj. Sigurður A. Magnússon, Rvík 1983; Efnahags- og atvinnumál - Þjóðarforusta, Bjarni Benediktsson í augum samtíðarmanna, Rvík 1983; Hagstjórn í nýju ljósi, Hagmál 1984; The Public Sector´s Pursuit of Private Sector Development. Skýrsla útg. af norska utanríkisráðuneytinu 1992; Moving to the Market, The World Bank in Transition, Overseas Development Council, 1995. Greinar í Fjármálatíðindum: Hagfræðingar þá og nú, 1988; Efnahagur lítilla ríkja, 1990; Velferð og hagvöxtur. Horft til nýs áratugar, 1991; Ísland úr fjarska, 1992.

Viðurkenning: Dr.econ. honoris causa við Háskóla Íslands 1988. Heiðurmerki:Str.ÍF.; Stk.NoStO.; Stk.SæN.